

Mánudaginn 25. apríl 1983.

Nr. 155/1982. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararikissaksóknari)

gegn

Irmgard Steindórsson

(Kristinn Sigurjónsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Sigurgeir Jónsson og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Málinu var að kröfu dómþola skotið til Hæstaréttar með stefnu 6. júlí 1982, en jafnframt er af ákærvaldsins hálfu krafist þyngingar refsingar ákærðu. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var af ákærvaldsins hálfu lýst yfir, að fallið væri frá ívitnun í ákæruskjali 31. ágúst 1981 til áfengislaga nr. 82/1969, 1. mgr. 24. gr. og 33. gr., sbr. lög nr. 52/1978.

Ágrip barst Hæstarétti 21. desember 1982.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal vætti Erich Pfister sjómanns, sem var skipverji á eftirlitsskipinu Frithjof hinn 4. júlí 1981, í sakadómi Reykjavíkur hinn 25. febrúar 1983. Í framburði þessa vitnis kemur fram, að ákærða hafi hinn 4. júlí 1981 verið í klefa vitnisins ásamt fleira fólki um það bil hálfa klukkustund og neytt þar 2—3 glasa af þýskum bjór. Kvaðst vitnið ekki hafa merkt áfengisáhrif á ákærðu. Ekki gat vitnið tilgreint nákvæmlega, hvenær dags þetta hefði verið, en taldi líklegt, að það hefði verið um hádegi.

Vitnið kvaðst hafa farið úr klefa sínum til að sinna störfum vegna brottfarar skipsins og taldi ákærðu hafa farið í land skömmu síðar.

Samkvæmt skýrslu ákærðu sjálfrar í sakadómi 15. september 1981 dvaldist hún um borð í skipinu Frithjof hinn 4. júlí 1981 frá kl. 1130 til kl. rúmlega 17. Framburður vitnisins Erich Pfister greinir aðeins frá bjórdrykkju hennar í hálfa klukkustund einhvern tíma dagsins, um hádegi að því er vitnið minnir, og upplýsir því ekkert um heildarneyslu ákærðu á áfengum drykkjum, á meðan hún var í skipinu, eða áhrif drykkju, eftir að leiðir vitnisins og ákærðu

skildu. Verður því að leggja þau gögn, sem lágu fyrir héraðsdómi, til grundvallar við sakarmat í málinu.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara með skírskotum til rökstuðnings, sem í héraðsdómi greinir. Varðar atferli ákærðu við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þyki refsing ákærðu hæfilega ákveðin 6.000.00 króna sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 4.000.00 krónur.

Við munnlegan flutning málsins kom fram, að ákærða hefur höfðað bótamál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og krafist skaðabóta úr ríkissjóði fyrir ólöglega handtöku á heimili sínu í Reykjavík, en sú handtaka var upphaf rannsóknar máls þessa.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Irmgard Steindórssón, greiði 6.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, 4.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. maí 1982.

Ár 1982, föstudaginn 14. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómar, kveðinn upp

dómur í sakadómsmálinu nr. 165/1982: Ákærvaldið gegn Irmgard Stein-dórsson, sem tekið var til dóms 7. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 31. ágúst sl., „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Irmgard Steindórsson skrifstofu-stjóra, Neshaga 19, Reykjavík, fæddri 9. desember 1940 í Þýskalandi, fyrir að aka laugardaginn 4. júlí 1981 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 30877 frá Ægisgarði í Reykjavík heim til sín.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðar-laga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til ökuleyfisvipting-ar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt vottorði frá sakaskrá hefur ákærða ekki sætt refsingu, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 4. júlí 1981, kl. 1810, var tilkynnt til miðborgarstöðvar lögreglunnar, að bifreiðin R 30877 væri að fara frá þýska eftirlitsskipinu „Frithiof“, sem lægi við Ægisgarð, og að ökumaður væri áberandi ölvaður. Lögreglumennirnir Stefán Líndal Gíslason og Hörður Guðjónsson héldu af stað frá lögreglustöðinni til að svipast um eftir bifreiðinni. Skömmu síðar kom tilkynning frá fjarskiptastöð lögreglunnar, að skráður eigadi bifreið-arinnar R 30877 ætti heima að Neshaga 19. Óku lögreglumennirnir þangað, og stóð bifreiðin R 30877 við húsið. Fyrir utan húsið hittu þeir að máli dreng, sem kvaðst heita Páll. Hann kvað móður sína vera eiganda bifreið-arinnar R 30877 og hefði hún verið að koma heim á bifreiðinni. Þeir báðu Pál um að ná í móður hans, Irmgard Steindórsson, sem er ákærða í máli þessu. Varð hann við beiðni þeirra, og fylgdu þeir honum inn á gang húss-ins. Fór hann þar inn í íbúð og sótti móður sína. Kom hún skömmu síðar fram og hafði tal af lögreglumönnum. Ákærða var að sögn lögreglu-mannanna áberandi ölvuð. Hún viðurkenndi að hafa verið að koma heim á bifreið sinni. Lögreglumennirnir báðu ákærðu að koma með sér á lög-reglustöðina í Tryggvagötu 19. Ákærða neitaði því eindregið. Lögreglu-mennirnir handtóku ákærðu í stigaganginum, en hún streittist á móti og vildi greinilega, að sögn lögreglumannanna, reyna að komast inn í íbúð sína. Þeir færðu ákærðu á miðborgarlögreglustöðina fyrir Þorlák Runólfsson aðstoðarvarðstjóra. Bifreiðin R 30877 var skilin eftir við Neshaga 19, þar sem ákærða vildi ekki afhenda kveikjulaslyklana.

Við yfirheyrslu hjá varðstjóra viðurkenndi ákærða að hafa ekið bifreið-innar R 30877 frá Ægisgarði að Neshaga 19. Hún kvaðst hafa drukkið fimm

til sex erlenda bjóra um borð í þýska eftirlitsskipinu „Frithiof“ ásamt kunningjum sínum á tímanum frá kl. 1130 til 1800.

Að lokinni yfirheyrslu var ákærða færð á slysadeild Borgarspítalans til töku á blóðsýni. Var blóðsýni tekið úr henni kl. 1905, en síðan var henni ekið að Týsgötu 5.

Í varðstjóraskýrslu, sem ákærða hefur undirritað, greinir hún frá því, að hún hafi verið að koma á bifeiðinni R 30877 umrætt sinn frá þýska eftirlitsskipinu „Frithiof“, sem lá við Ægisgarð hér í borg. Hafi hún verið handtekin, eftir að hún yfirgaf bifreiðina við Neshaga 19. Ákærða var spurð um það, hvenær hún hefði farið af stað, og var svar hennar samkvæmt varðstjóraskýrslu: „Skömmu áður en ég var stöðvuð.“ Ákærða kvaðst hafa drukkið 5 til 6 flöskur af erlendum bjór um borð í m/s „Frithiof“ á tímanum frá kl. 1130—1800 með kunningjum sínum. Ákærða neitaði að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Hún kvaðst ekki hafa drukkið áfengi, síðan hún hætti að aka.

Í varðstjóraskýrslunni segir, að talsverður áfengisþefur hafi verið af andardrætti ákærðu og öndunarprufa sýnt III.—IV. stig. Ákærða hafi verið þrútin í andliti, æst, augu hennar dauf, jafnvægi óstöðugt og málfar þvöglulegt, en framburður (frásögn) greinargóður.

Þorlákur Runólfsson lögregluvarðstjóri hefur mætt í dómi og staðfest framangreinda varðstjóraskýrslu. Vitnið kveður ákærðu hafa skýrt frá málsatvikum eins og fram kemur í skýrslunni. Hún kvaðst hafa drukkið 5—6 flöskur af erlendum bjór, en ekki neytt áfengis, síðan hún hætti að aka.

Vitnið kvaðst telja, að ákærða hafi verið með áhrifum áfengis.

Ákærða kom til yfirheyrslu hjá lögreglu hinn 9. júlí og fyrir dóm 15. september sl.

Ákærða hefur skýrt frá því, að hún hafi farið út í þýska eftirlitsskipið „Frithiof“, er lá hér í höfninni við Ægisgarð, laugardaginn 4. júlí sl. um kl. 1130. Ákærða fór á bifreiðinni R 30877 að skipinu. Ákærða dvaldist í skipinu þar til um kl. 1715, en þá ók hún bifreiðinni að Reynimel 45. Þar fór farþegi, sem var með henni, úr bifreiðinni. Þessu næst ók ákærða heim til sín að Neshaga 19. Lögreglan kom heim til ákærðu einhvern tímunn eftir kl. 1800 og handtók hana. Var ákærða þá búin að dveljast þar í 45 mínútur.

Ákærða kveður lögreglumennina hafa lagt hendur á sig á stigapalli fyrir framan íbúð hennar og dregið sig niður stigann og út. Hún kveðst aldrei hafa samþykkt að fara með þeim á lögreglustöðina. Þegar ákærða var kominn út í lögreglubifreiðina, fór hún fram á, að lögreglumennirnir færu inn og næðu í handtösku hennar og jakka, en því hafi verið neitað. Ökuskirteini ákærðu var í handtöskunni.

Ákærða kveðst hafa drukkið úti í eftirlitsskipinu með mat um hádegisleytið tvö glös af áfengum bjór og gosdrykk eftir það. Ákærða tók fram, að bjórinn í skipinu væri í dósum, en ekki flöskum. Ákærða neitaði að hafa fundið til áfengisáhrifa við akstur bifreiðarinnar. Ákærða kvaðst hafa drukkið allt að heilum pela af koniaki, eftir að hún kom heim til sín.

Ákærðu var bent á skýrslu hennar hjá lögregluvarðstjóra, sem hún hefur undirritað. Sagði ákærða skýrsluna markleysu og ranga. Ákærða kvaðst hafa verið mjög miður sín, er varðstjóri tók af henni skýrslu, vegna handtökkunnar á heimili hennar skömmu áður. Ákærða kvaðst ekki hafa gert sér ljóst, að um skýrslutöku var að ræða. Muni hún ekki um það, sem haft er eftir henni í skýrslunni um áfengisneyslu hennar, og sé það ekki rétt. Hafi hún verið í „sjokki“ á lögreglustöðinni og ekkert muna um það, er hún sagði. Ákærða tók fram, að hún hafi verið á sköm með háum hælum umrætt sinn. Hafi verið erfitt að ganga niður landganginn frá m/s „Frithiof“ og hafi hún hálfhrasað.

Ákærða kveðst hafa sagt við lögregluvarðstjóra, þegar hún kom á lögregluvarðstofuna, að lögreglumennirnir hefðu tekið sig með valdi út úr húsi hennar og hún ætlaði að kæra þetta fyrir varðstjóránunum. Ákærða er þýskur ríkisborgari og óskaði eftir að fá að tala við þýska sendiráðið, en því var ekki sinnt. Þá bað ákærða um að fá að tala við Kristinn Sigurjónsson hæstaréttarlögmann, en því var einnig synjað. Þá bað ákærða um að fá að hringja í eiginmann sinn og heim til sín, en því var neitað. Fór ákærða þá að gráta. Þegar allt var afstaðið, hringdi varðstjórinn sjálfur í eiginmann ákærðu og leyfði ákærðu síðan að tala við hann.

Ákærða tók fram, að hún áskildi sér rétt til að kæra lögreglumennina og höfða bótamál.

Ákærða tók fram, að hún gæti ekki slegið neinu föstu um þau tímamörk, er í lögregluskýrslu greinir.

Í lögregluskýrslu, sem ákærða hefur staðfest fyrir dómi, segist hún vilja taka fram eftirfarandi: „Ég vil mótmæla harðlega handtöku þeirri, sem lýst er í skjali nr. 1, bls. 1, sem ég tel algjörlega ólöglega, þar sem ég var stödd inni á heimili mínu.

Ég bauð nefndum lögregluþjónum að ganga til stofu og ræða við þá þar, en þeir neituðu og kröfðust, að ég kæmi með þeim út í lögreglubifreið, sem beið fyrir utan húsið.

Ég neitaði ítrekað að fylgja lögregluþjónum, þar sem ég var í fullum rétti til að dvelja inni á heimili mínu.

Þessum rétti mínum var ekki ansað, og skipti engum togum, að lögregluþjónn nr. 110 og lögregluþjónn nr. 187 tóku mig „tökum“ og færðu mig með valdi út úr húsinu inn í lögreglubifreiðina og síðan á lögreglustöðina við Tryggvagötu.

Ég vil taka skýrt fram, að þar sem um ólöglega handtöku var að ræða, fer ég eindregið fram á, að mál þetta verðu látið niður falla, að öðrum kosti mun ég kæra ólöglega handtöku og jafnframt kæra nefnda lögregluþjóna fyrir líkamsmeiðingar, sbr. meðfylgjandi áverkavottorð. Eins vil ég taka fram, að sonur minn, Páll Sigurðsson, var skilinn einn eftir í íbúðinni. Var mér bannað að hringja frá lögregluvarðstofu, þ. e. heim og til eiginmanns, sem var á vinnustað.

Aðspurð skýrir mætta svo frá, að handtakan hafi farið fram á stigapalli við íbúðardyrnar. Mætta segir inngang, þ. e. útihúrd, eingöngu ganga að íbúð hennar.“

Vitnið Þorsteinn Kjartansson, Brekkustíg 9 hér í borg, hefur skýrt frá því, að það hafi verið statt við nýbyggingu á Ægisgarði síðdegis hinn 4. júlí 1981. Þýska eftirlitsskipið „Frithiof“ lá við Ægisgarð þarna skammt frá. Hjá vitninu stóðu tveir færeyskir sjómenn, sem vitnið veit ekki nánar deili á. Skömmu fyrir brottför skipsins sá vitnið konu koma frá því. Með henni gekk maður og ungur drengur. Maðurinn hélt á lítilli telpu í fangi sér. Þau gengu að svartri Mercedes Benz fólksbifreið, R 30877, og opnaði konan bifreiðina. Konan settist undir stýri bifreiðarinnar, en maðurinn í aftursæti ásamt telpunni. Vitnið man hins vegar ekki eftir, hvar drengurinn settist. Konan ók bifreiðinni á brott. Vitnið varð ekki vart við, að bifreið rásaði í akstri. Vitnið kveðst hafa verið í innan við 10 m fjárlægð frá konunni, er hún kom frá skipinu. Það kveðst hafa veitt því athygli, að hún slagaði, og taldi það, að hún væri með áfengisáhrifum. Færeysku sjómennirnir höfðu og orð á því, að þetta væri ljótt að sjá, þar sem konan væri greinilega drukkin. Vitnið kveðst ekki geta fullyrt um nákvæmlega, hvað klukkan var, er þetta gerðist, þar sem það var ekki með úr á sér, en það var í sömu mund og m/s „Frithiof“ lagði frá bryggju.

Vitnið kveðst hafa álitnið, að ástand konunnar væri þannig, að rétt væri að láta lögregluna vita um akstur hennar. Fór það fyrst að veitingastaðnun Skeifunni á horni Ægisgötu og Tryggvagötu og ætlaði að fá að hringja. Þar var lokað, og hélt vitnið þá rակleitt að lögreglustöðinni í Tollstöðvarhúsinu, þar sem það tilkynnti um akstur konunnar.

Færeyingar þeir, sem um getur í framburði Þorsteins Kjartanssonar, hafa verið yfirheyrðir fyrir dómi í máli þessu í Færeyjum. Þeir eru báðir frá Klakksvík og heita Johan David Joensen og Birgir Sivertsen. Voru þeir skipverjar á færeyska skipinu „Borgarinn“, er lá við Ægisgarð hér í höfninni 4. júlí 1981 fyrir framan m/s „Frithiof“. Þeir kveðast hafa staðið við hornið á rafveituhúsi, sem er á Ægisgarði, næstum andspænis landganginum á m/s „Frithiof“, í þann mund, er skipið var að fara á brott.

Hefur vitnið Johan David Joensen skýrt svo frá, að það hafi séð, áður en landgöngubru m/s „Frithiof“ var tekin á brott, að kona, 35–40 ára

að því er vitnið telur, gekk út á þilfar skipsins og kvaddi mann, sem var um 60 ára að aldri og gæti hafa verið faðir hennar. Konan gekk því næst niður landganginn ásamt 2 börnum. Kona þessi var að sögn vitnisins óstöðug á fótunum og auðsjáanlega með áhrifum áfengis. Konan fór síðust frá skipinu. Þegar hún var komin í land, var landgöngubrúin tekin, og skipið lagði frá hafnarbakkanum. Konan fór út á enda hafnargarðsins, þegar skipið var að fara á brott. Vitnið fór þangað einnig og stóð mjög nærri konunni, eða í 1 m fjarlægð. Vitnið kveðst hafa greint þar sem áður, að konan var ölvuð, þar sem hún var óstöðug á fótunum og var með handaslátt, í stuttu máli sagt, hún hegðaði sér eins og ölvður maður gerir. Konan og maðurinn fóru síðan að bifreið, sem stóð við horn rafveituhússins. Þau settust bæði í framsæti, konan undir stýri. Börnin fóru með þeim inn í bifreiðina. Konan ók því næst á brott. Rétt á eftir kom Íslendingur til vitnisins og félaga þess og fór að ræða þetta við þá. Hafði hann orð á, að honan væri ófær um að aka vegna ástands síns. Sagðist hann ætla að tilkynna lögreglu um aksturinn. Fór hann því næst á brott áleiðis upp bryggjuna.

Vitnið Birgir Sivertsen hefur skýrt frá málsatvikum á svipaðan hátt og framangreint vitni. Vitnið kveður konu þá, er að framan greinir, hafa verið sjáanlega með áfengisáhrifum. Hún var óörugg í gangi og hreyfingum. Vitnið kveðst hafa séð, að konan settist undir stýri bifreiðarinnar. Maðurinn, sem var með henni, settist og inn í bifreiðina ásamt börnunum. Konan ók því næst á brott. Fylgdist vitnið og félagi þess með akstrinum. Fannst vitninu aksturinn mjög óöruggur, og höfðu þeir á orði, að konan kæmist ekki langt, áður en slys yrði eða eitthvað því líkt, jafnölvuð og hún væri. Rétt eftir að konan ók á brott, kom Íslendingur til þeirra. Sagði hann, að konan ætti ekki að aka í því ástandi, sem hún væri, og ætlaði hann að tilkynna lögreglu um þetta.

Uppdráttur af vettvangi fylgdi framburði vitnanna frá Færeyjum, og kemur hann heim við staðhætti á Ægisgarði.

Vitnið Stefán Líndal Gíslason lögregluþjónn gerði lögregluskýrslu í máli þessu. Hefur vitnið staðfest skýrsluna.

Vitnið kveður ákærðu, Irmgard Steindórsson, hafa sagt lögreglumönnum umrætt sinn, að hún væri nýlega kominn heim á bifreiðinni R 30877. Ákærða viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni. Ákærða var áberandi ölvuð, að því er vitninu virtist. Ákærða kvaðst viðurkenna það, er borið var á hana. Kvaðst hún vilja gera það inni í stofu hjá sér, en ekki koma á lögreglustöðina. Viðtalið við ákærðu fór fram á stigapalli fyrir framan íbúð hennar. Ákærða neitaði að fara á brott með lögreglumönnum og vildi komast inn í íbúð sína. Ákærða streittist lítilega á móti, er farið var með hana á brott út úr húsinu.

Í yfirheyrslu hjá varðstjóra sagðist ákærða hafa drukkið 5—6 flöskur af erlendum bjór framangreindan dag í þýska eftirlitsskipinu „Frithiof“. Hún kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við akstur bifreiðarinnar. Ákærða var spurð um, hvort hún hefði neytt áfengis, eftir að akstri lauk, og svaraði hún því neitandi.

Vitnið kveður örfáar mínútur hafa liðið, frá því að tilkynnt var um akstur bifreiðarinnar R 30877, uns lögreglumennirnir komu að Neshaga 19. Kveðst vitnið telja, að um 3—4 mínútur hafi verið að ræða.

Vitnið Hörður Guðjónsson lögreglumaður hefur skýrt frá því, að það hafi verið á vakt á miðborgarstöð lögreglunnar við Tryggvagötu laugardaginn 4. júlí sl. Kl. 1810 kom maður á lögreglustöðina og tilkynnti, að bifreiðinni R 30877 hefði skömmu áður verið ekið frá eftirlitsskiðinu „Frithiof“, sem legið hefði við Ægisgarð. Taldi maðurinn, að ökumaðurinn, sem væri kona, væri með áfengisáhrifum. Vitnið og Stefán Lindal Gíslason fóru þegar af stað á lögreglubifreið að svipast um eftir bifreiðinni. Fengu þeir upplýsingar um, að eigandinn byggi að Neshaga 19, og héldu þeir þangað. Telur vitnið, að þeir hafi verið komnir á staðinn eftir 2—3 mínútur. Bifreiðin R 30877 stóð fyrir utan húsið í bifreiðastæði. Lögreglumennirnir börðu að dyrum að Neshaga 19. Kom ungu drengur til dyra og hleypti þeim inn á stigagang. Þeir spurðu drenginn eftir móður hans, og sagði hann, að hún væri heima. Drengurinn kallaði á móður sína, og kom hún fram á stigapallinn. Kona þessi var Irmgard Steindórsson, ákærða í máli þessu. Lögreglumennirnir spurðu hana, hvort hún væri ökumaður framangreindrar bifreiðar. Ákærða kvaðst vera nýkomin heim að Neshaga 19 á bifreiðinni. Vitnið kveður ákærðu hafa verið áberandi ölvaða og sterkan áfengisþef frá vitum hennar.

Lögreglumennirnir báðu ákærðu að fylgja sér á lögregluvarðstofuna. Hún samþykkti það í fyrstu og gekk með þeim af stigapallinum niður stigann og að útidyrnum. Þar neitaði ákærða að fylgja lögreglumönnum og gerði sig líklega til að snúa við upp stigann. Lögreglumennirnir tóku þá sinn undir hvorn handlegg ákærðu og leiddu hana út í lögreglubifreiðina. Ákærða veitti mótspyrnu, en ekki að ráði. Ákærða var færð á lögreglustöðina í Tryggvagötu, þar sem varðstjóri tók af henni skýrslu. Vitnið kveðst muna, að ákærða kvaðst aðspurð hafa drukkið 2—3 útlenda bjóra og neytt matar í þýska eftirlitsskipinu. Vitnið tók þó fram, að það gæti ekki fullyrt um, hve marga bjóra ákærða sagðist hafa drukkið, það, er áður greini, sé sagt eftir minni og líklega sé það meira.

Ákærða var að lokinni yfirheyrslu færð til blóðtöku.

Aðspurt af verjanda skýrði vitnið frá því, að ákærða hafi farið að gráta í yfirheyrslu hjá varðstjóra. Ákærða lýsti því yfir á lögreglustöðinni, að hún hefði verið handtekin ólöglega.

Vitnið Manfred Bersch hefur skýrt frá því í skýrslu hjá lögreglu, að það hafi verið statt um borð í m/s „Frithiof“ þann 4. júlí 1981.

Einni klukkustund áður en skipið lagði frá, var tilkynnt um brottför, og kveðat vitnið hafa yfirgefið skipið á tímabilinu milli klukkan 1700 og 1730. Rétt áður en vitnið yfirgaf skipið, segir það konu hafa boðið því far, þ. e. boðist til að aka því að Reynimel 45, Reykjavík. Kveðst vitnið hafa þegið boðið.

Vitnið kveðst ekki hafa veitt því athygli, hvort kona þessi, þ. e. ákærða í máli þessu, var undir áhrifum áfengi, og geti ekki um það sagt. Kveðst vitnið ekki hafa farið inn í bifreiðina með dóttur þess, ef það hefði talið, að ákærða væri undir áhrifum áfengis.

Aðspurt kveðst vitnið hafa setið í aftursæti bifreiðarinnar ásamt dóttur þess, en drengur við hlið ákærðu.

Vitnið kveðst hafa drukkið tvo bjóra úti í m/s „Frithiof“, en ekki verið undir áhrifum áfengis, þegar nefndur atburður átti sér stað.

Ákærða ók stystu leið að Reynimel 45, og stóð aksturinn yfir í um fimm mínútur. Fannst vitninu aksturinn óaðfinnanlegur.

Vitnið kveðst ekki þekkja ákærðu í máli þessu. Það hafi ekki séð hana fyrr en um borð í m/s „Frithiof“ og ekki séð hana eða heyrt frá henni, frá því það yfirgaf bifreiðina R 30877 fyrir utan Reynimel 45 þann 4. júlí.

Vitnið Horst Prüss, háseti á m/s „Frithiof“, kveðst kannast við ákærðu, Irmgard Steindórsson. Vitnið man eftir, að hún var um borð í skipinu dag einn sl. sumar. Þar var og maður, sem heitir Manfred. Vitnið kveðst hafa orðið þess vart, að ákærða drakk eitt til tvö glös af bjór einhvern tíma dagsins. Að öðru leyti kveður vitnið hana hafa drukkið ávaxtasafa. Vitnið kveður m/s „Frithiof“ hafa farið á brott á tímanum frá kl. 1700 til 1800. Ákærða var farin á brott nokkru áður. Í þessu sambandi tók vitnið fram, að gestir í skipinu eigi að vera farnir á brott einni klst. fyrir brottför. Vitnið kveðst muna eftir því, að framangreindur Manfred bað ákærðu að aka sér heim. Vitnið fylgdi ákærðu og Manfred að bifreiðinni og aðstoðaði ákærðu við að koma barnavagni inn í bifreiðina.

Vitnið kveðst ekki hafa merkt áfengisáhrif á ákærðu, enda verði enginn drukinn af því að drekka ávaxtasaft.

Samkvæmt vottorði frá Reykjavíkurbíð kom þýska eftirlitsskipið „Frithiof“ til Reykjavíkur 4. júlí 1981 kl. 0900 og fór kl. 1800 sama dag.

Alkóhólmagníð í blóðsýnishorninu, sem tekið var úr ákærðu, var 2.50‰.

Niðurstöður.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir leitt í ljós, að ákærða hafi verið handtekin, skömmu eftir að akstri lauk. Verður að telja sögu

hennar um áfengisneyslu eftir aksturinn ósennilega. Þykir sannað með framburði vitnanna Þorsteins Kjartanssonar, Johan David Joensen og Birgis Sivertsen, framburðum lögreglumanna um ástand ákærðu eftir aksturinn svo og þegar virt er niðurstaða alkóhólrannsóknarinnar á blóðsýnishorninu úr ákærðu og annað, sem fram er komið í máli þessu, að hún hafi verið með áfengiáhrifum við aksturinn umrætt sinn þrátt fyrir framburði vitnanna Horst Prüss og Manfred Bersch og neitun ákærðu.

Telst þetta atferli ákærðu varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin 4.000.00 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærðu ökuleyfi. Þykir ökuleyfisvipting hennar hæfilega ákveðin í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Loks ber að dæma ákærðu til greiðslu sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hennar, Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.500.00.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Irmgard Steindórsson, greiði 4.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða skal frá dómsbirtingu svipt ökuleyfi í 1 ár, og frestar áfrýjun ekki framkvæmd dómsins að þessu leyti.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.